



MOSFELLSBÆR

Breyting á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 og Þingvallavegur – nýtt deiliskipulag:

Þingvallavegur – nýtt deiliskipulag

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi Þingvallavegar.

Meginmáherlan við gerð skipulagsins er að móta og ákveða gerð umferðarmannvirkja og umhverfis þeirra með þeim hætti að stuðlað sé að auknu öryggi allra þátttakenda í umferðinni á svæðinu og ásættanlegri sambúð byggðar og vegar. Sérstaklega er hugað að öruggum gönguleiðum fyrir börn á leið í og úr skóla og ráðstöfunum til að draga úr hraðakstri.

Breyting á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar

Samhliða gerð nýs deiliskipulags Þingvallavegar er gerð tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillaga felst í því að felldur er út reiðstígur meðfram Þingvallavegi og gerð er breyting á nokkrum tenginum við Þingvallaveg.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 17. desember 2016 til og með 28. janúar 2017, svo að þeir sem þessa óska geti kynnt sér þær og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni:

mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs eigi síðar en 28. janúar 2017.

17. desember 2016,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA